

Nr. 20.
4.
nóvbr.

L ö g

um

breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi. Stórmæri, þjettmerski.
Läenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Garpsdalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, sem talið er í 75. tölulið í lögum 27. febrúar 1880, 1. gr., leggjast 300 kr. á ári úr landssjóði.

2. gr.

Akvörðun sú, sem sett er í 87. tölulið 1. gr. tjeðra laga, að jörðin Hvítanes skuli keypt fyrir fje úr landssjóði, og vera leigulaus ljensjörð prestsins í Ögurþingaprestakalli í Norður Ísafjarðarprófastsdæmi, skal úr gildi numin, og skal í þess stað leggja kallinu 200 kr. árlegt tillag úr landssjóði, og jörðina Hest til leigulausra afnota, þegar næstu prestaskipti verða í Vatnsfjarðarprestakalli.

3. gr.

1. Holtastadasókn í Húnavatnssýslu sameinist Höskuldsstöðum; prestssetur í brauði þessu verði svo fljótt, sem því verður viðkomið, sett fyrir innan Laxá, en þó eigi innar en á Breiðavaði. Frá brauði þessu greiðist í landssjóð 200 kr.
2. Hjaltabakkasókn í Húnavatnssýslu sameinist Þingeyraklaustursbrauði; prestssetur sje í Steinnesi; frá brauði þessu greiðist í landssjóð 300 kr.
3. Undirfells prestakall haldi sjer, eins og það hefur verið að undanfögnu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 4. dag nóvbrm. 1881.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.

Lov

om

Nr. 20.
4de
Novbr.**Forandring i § 1 i Lov af 27de Februar 1880 om Omordning af
Præstekald.****Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitteligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Der tillægges det i Lov 27de Februar 1880 § 1 under Nr. 75 opførte Garpsdal Præstekald i Vardastrands Provsti et aarligt Tilskud af 300 Kr. af Landskassen.

§ 2.

Den i fornævnte Lovs § 1 under Nr. 87 optagne Bestemmelse, hvorefter Jorden Hvitanees skal indkjøbes for Landskassens Midler til afgiftsfri Brugsjord for Præsten til Dgurthing Præstekald i Norder-Hjaffjords Provsti, ophæves, og i Stedet derfor tillægges der Kaldet et aarligt Tilskud af 200 Kr. af Landskassen, samt Jorden Hest til afgiftsfri Brugsjord, ved indtrædende Vakance i Vatnsfjord Præstekald.

§ 3.

1. Holtaftadasogn i Hunavainssýssel forenes med Høffuldstadasogn. Præsteboligen skal, saa snart som muligt, flyttes indenfor Laxaa, dog ikke længere inde, end ved Breiddavab. Fra dette Kald indbetales 200 Kr. til Landskassen.
2. Hjaltabakkasogn i Hunavainssýssel forenes med Þhingoreklosters Kald. Præsteboligen skal være paa Steinnes. Fra dette Kald indbetales 300 Kr. til Landskassen.
3. Undirfells Præstekald forbliver uforandret som tidligere.

Hvorefter alle Bedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de November 1881.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.